

L Ö G

21

28. marz

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

28. gr. laga nr. 21 1. febr. 1936 orðist þannig:

Nemendur í islenzkum fræðum geta valið um, hvort þeir ganga undir kandidatspróf eða meistaraþróf. Kennararnir í islenzkum fræðum dæma einir um úrlausnir í meistaraþrófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandidatar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

22

28. marz

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef horizt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi sameinaðs Alþingis ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort fyrirspurn, hver um sig á listanum, skuli leyfð eða ekki. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftár en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

22 Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar
28. marz um að heiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.
Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

23

28. marz

L Ö G

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjar-sjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaun vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúa-tölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun. Launin skulu hækka eftir 3 ár um 85 kr. og eftir önnur 3 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að saman-lögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist verðlagsuppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.